



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

2015

Umsögn um stjórnarhætti: Marel hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Exemplary in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Marel hf. fái viðurkenningu sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af Deloitte í desember 2015.

Niðurstaða úttektar Deloitte á stjórnarháttum Marel hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úttektar og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti fyrirtækisins:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar er skilgreint í starfsreglum. Stjórnin leggur áherslu á góða samvinnu við framkvæmdastjóra félagsins. Hlutverk stjórnarformanns er skilgreint í starfsreglum.

Hvað má betur fara: Stjórnin leggur áherslu á eftirlitshlutverk sitt og að ákveða megináherslur í rekstrinum. Jafnframt hefur stjórnin ráðgefandi hlutverk. Skilgreina mætti betur afmörkun hins ráðgefandi hlutverks með hliðsjón af hlutverki, verkefnum og valdmörkum framkvæmdastjóra.

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verksvið og verkefni stjórnar eru í samræmi við starfsreglur stjórnar. Árangursmat er framkvæmt árlega á starfsemi stjórnar og störfum framkvæmdastjóra. Stjórnin hefur skilgreint viðhorf gagnvart áhættu og hefur aðferðafræði og mælikvarða í áhættustjórnun.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfsáætlun stjórnar er skipulögð ár fram í tímann. Stjórnin heldur sjö skilgreinda stjórnarfundi árlega, ársfjórðungslega fundi sem tengjast árshlutauppgjöri félagsins, og þar að auki stefnumótunarfund, samstarfsfund og fund sem varðar áætlanagerð. Stjórnin hefur Endurskoðunarnefnd og Starfskjaranefnd sem undirnefndir. Stjórnin hefur aðgengi að öllum gögnum sem tengjast stjórnarstarfinu í sérstöku rafrænu gagnaherbergi.

Hvað má betur fara: Stjórnin mætti skilgreina betur hvaða upplýsingar hún þarf að fá og hvenær þörf sé fyrir upplýsingagjöf frá óháðum aðilum.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfshættir stjórnar eru í samræmi við starfsreglur stjórnar. Fundargerðir eru skýrar og gefa glögga mynd af starfsemi stjórnarinnar. Félagið hefur samþykkt siðareglur.

Hvað mætti betur fara: Stjórnin hefur einungis að takmörkuðu leyti tekið fyrir umræðu um samfélagslega ábyrgð.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa fjölbreytta þekkingu og reynslu. Stjórn félagsins árið 2015 samanstendur af sjö stjórnarmönnum sem eru: Ásthildur Margrét Otharsdóttir (formaður), Arnar Þór Másson, Ann Elizaeth Savage, Ástvaldur Jóhannesson, Helgi Magnússon, Margrét Jónsdóttir, og Ólafur S. Guðmundsson. 57% stjórnarmanna eru karlmenn og 43% konur. Meðalaldur stjórnarmanna er 55 ár (45 – 66 ára). Allir stjórnarmenn óháðir félaginu og eigendum félagsins nema Margrét Jónsdóttir og Ólafur S. Guðmundsson, sem tengjast stærsta hluthafa félagsins Eyrir Invest.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áðurnefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.